



Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um að gera raunkostnað sýnilegan fyrir borgarbúa

Lagt er til að raunkostnaður borgarinnar fyrir veitta þjónustu borgarinnar sé gerður sýnilegur fyrir íbúa á reikningum og kvittunum. Að kostnaður borgarinnar sé sýnilegur ásamt framlagi íbúa við greiðslu gefur íbúum betri sýn á rekstur borgarinnar og nýtingu þeirra útsvars. Samræmist þetta útfærslu við lyfjakaup þar sem hlutfall sjúklinga og hlutfall sjúkratrygginga er birt. Borgin veitir margþætta þjónustu og raunkostnaður oft óljós en hann hefur áhrif á virðismat þeirrar þjónustu sem íbúum er veitt.

Greinargerð

Kostnaðarvitund og virði vöru og þjónustu virðist oft mjög takmörkuð þekking. Við höfum færi á því að upplýsa fólk um raunvirði þjónustu og þannig stíga skref í átt að aukinni kostnaðarvitund sem skilar sér í aukinni virðingu og virðismati fyrir veittri þjónustu.

Á sama tíma er verkfærið mikilvægt aðhaldstól fyrir borgina þannig má með auðveldum hætti rekja hvernig breytingar stakra þátta hafa áhrif á verð þjónustu sem og sjá á milli rekstrareininga hvað betur má fara.

Lagt er til að innleiðing fari fram í þrepum og sé í upphafi horft til þeirrar þjónustu þar sem kostnaður er auðgreinanlegur en verði í upphafi birt sem drög að raunkostnaði. Með það að markmiði að að tveimur árum liðnum verði búið að vinna að birtingu raunkostnaðar til kaupanda þvert á þjónustueiningar án þess að þurfa að notast við varúðarmerkingu eins og drög. Við vinnu útreikninga sé gætt að persónugreinanlegum gögnum og faglega úrvinnsla á öllum háttum.

Við innleiðingu verkefnisins mætti byrja á einu sviði og innleiða svo eitt í kjölfar annarra. En með sýnilegum raunkostnaði má vænta að virðismat sé leiðrétt þar sem það á við. Er það von fulltrúa Viðreisnar að því verði ekki haldið fram að mikil vinna fari í að reikna út raunkostnað á hverja afgreiðslu því það myndi benda til þess að við höfum ekki næga yfirsýn um rekstrarkostnað borgarinnar miðað við nýtingu. Fjárfestingin sem felst í að greina eigin kostnað betur má vænta að skili sér sem fjárhagslegur ábati til lengri tíma.

Eitt einfaldasta dæmi um birtingu slíks kostnaðar eru leikskólagjöldin enda rekstrarkostnaður þar nokkuð stöðugur og nýtingarhlutfall einnig. Flóknara má vera að birta tölur um hverja sundferð en með einföldum hætti mætti setja upp meðalnýtingu til deilingar sem uppfæra mætti hálfárslega til að skoða hver kostnaður per ferð er. Heimþjónusta er einnig jafna sem ekki ætti að vera flókið að reikna þar sem fjöldi klukkustunda sem þjónusta er veitt er skráður sem og laun starfsmanns en því til viðbótar er rekstrarkostnaður skrifstofu og fleira en þar má einnig nýta áætlaðan kostnað meðan unnið er að því að reikna réttan kostnað. En öll dæmin eiga það sameiginlegt að kostnaðarhlutfall er ekki sýnilegt kaupanda vörunnar.





Er því lagt til að í upphafi sé horft til hlutfall kostnaðar miðað við alla þjónustu viðkomandi einingar þvert yfir borgina með von um að í framhaldinu væri hægt að stíga frekari skref. Í upphafi sé unnið með einfaldar reiknilausnir og útreikningar birtir notendum sem drög eða áætlun. Fjölskyldu og húsdýragarður - rekstrarkostnaður síðastliðna 12 mánaða/fjöldi heimsóknna síðast liðna 12 mánaða. Þegar borgin er komin með betri yfirsýn yfir raun kostnað væri gott að greina þjónustuna enn fremur svo sem niður á kostnað eftir mánuðum, tíma vikunnar eða tíma dags. Eru þetta sérlega gagnleg töl þegar tekin er ákvörðun um opnunartíma og fleira. Rekstarkostnaður ákveðinnar sundlaugar síðastliðna 6 mánuði/ fjöldi heimsóknar sömu sundlaugar síðastliðna 6 mánuði.

Með því að gera þessi gögn sýnilegri færum við mikilvægar upplýsingar bæði til kaupenda sem og okkur sjálfra. Mætti þá rýna gögn svo sem raunkostnað per notanda

